

Fundur 18. mars 2024

Mætt: Bergþóra, Erlendur og Edda Kristín auk Áslaugar og Steingerðar. Bjarni sat fundinn gegnum fjarfundabúnað. Logi komst ekki inn.

1. Starfsmannamál

Starfsáætlunin gerði ráð fyrir að skólastjóri hefði árið með starfsamannasamtölum og átti kynning á niðurstöðum þeirra að fara fram á fundinum. En þar sem Steingerður hafði þá nýverið bæði haldið einstaklingsviðtöl og hópfund og fyrir lá að könnun Gott og gilt yrði lögð fyrir fljótlega ákvað Áslaug að taka sín viðtöl við lok annar. Þeim þætti þessa liðar er því frestað.

Niðurstöður hafa borist úr vinnustaðargreiningu sem Gott og gilt framkvæmdi í febrúar en annarsvegar var lögð 58 spurninga könnun fyrir fastráðið starfsfólk og hinsvegar 37 spurningar fyrir lausráðna kennara. Skólastjóri og rekstrarstjóri kynntu helstu niðurstöður fyrir stjórn. Kynningarnar eru settar saman af Gísla Árna Gíslasyni sem sá um könnunina. Í ráði er að fá hann til að halda kynningarfundum fyrir báða hópa fljótlega. Stjórnarmenn fá kynningarnar sendar að loknum fundum. Haldnir verða tveir aðskildir fundir fyrir páska, þar sem Gísli kynnis niðurstöður sínar, annarsvegar fyrir föstu starfsfólki og hinsvegar fyrir kennurum sem verður einnig boðið upp á þann kost að sækja fundinn á TEAMS. Áslaug ætlar að biðja Gísla um að bæta inn samanburði á könnun fyrir starfsfólk nú og fyrir þremur árum.

2. Samningar

Samningur við ríkið hefur verið undirritaður. Hann er ívið skárri en sá sem skólinn hafði áður þótt áfram sé nauðsynlegt að innheimta skólagjöld af nemendum. Ekki er lengur greitt með námskeiðum fyrir almenning.

Samningur við borgina rennur út í vor. Viðræður eru hafnar en ólíklegt er að um hækkun verði að ræða. Ef það verður raunin munum við þurfa að minnka leik- og grunnskólaverkefnið talsvert. Spurning þó hvort einhverju breyti fyrir borgina að skólinn er að flytja sig um set.

Við þetta má bæta að tveir samningar eru nú í gildi við erlenda samstarfsháskóla, glænýr samningur við University of Cumbria og rúmlega árgamall samningur við Leeds Arts University.

3. Húsnæðismál

Gengið var frá sölu JL hússins föstudaginn 8. mars. Miðað er við að húsið verði afhent 1. september en þó hefur skólinn heimild til að draga brottflutning til 8. apríl 2025. Ekki er búið að ganga frá kaupum á nýju húsi en tilboð í húsið Laugaveg 118 d er enn í gildi og er unnið hörðum höndum að því að ná samningi við ríkið sem allra fyrst. Fundur var haldinn í hádeginu í dag í húsnæðisnefndinni með Gabríel Gíslasyni sem fer fyrir Fiðlhúsi, félaginu sem er bæði að kaupa JL húsið og Laugaveginna á móti skólanum. Tilfni þess fundar var allt að 60 daga frestur sem Fiðluhús fékk til að ljúka fjármögnun er ekki mjög heppilegur fyrir skólann því framundan er mikið og flókið verkefni áður en skólinn getur flutt í nýtt hús. Gabríel bauðst á fundinum til að leggja fram greiðslu sem ætti að dekkja hönnunarkostnað og mun dragast frá andvirði hæða skólans í JL húsinu þegar hann

hefur fest kaup á húsunum við Laugavegin. Ef kaup hans á Laugavegi ganga ekki eftir er sú greiðsla óafturkræf.

Ekki fleira rætt. Fundi slitið.

Fundargerð ÁTh

MYNDLISTASKÓLINN

Í REYKJAVÍK

HRINGBRAUT 121, 101 REYKJAVÍK

WWW.MIR.IS @MYNDLISTASKOLINN

Undirritunarsíða

Bjarni Hinriksson

Erlendur Hjaltason

Edda Kristín Sigurjónsdóttir

Bergþóra Guðnadóttir